Kvennablaðið kost ar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (55 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

20. ár. | Reykjavík, 14. október 1914. | № 10.

Rabindra Nath Tagore,

indverska stórskáldið, mun enn þá lítið þektur hér á landi. Síðastliðið haust, þá er fregnin barst hingað, að hann hefði hlotið skáldskaparverðlaun Nóbels-stofnunarinnar, heyrði allur fjöldi manna nafn hans í fyrsta sinni. Og þó var hann þá í fjölda ára búinn að yrkja og rita — og með skáldskap sínum að setja mark sitt á hugsunarhátt þjóðar sinnar. Hann hafði unnið það þrekvirki, að gera sín fjarskyldu ljóð þekt og metin meðal vestrænna þjóða. Stjarna hans hafði um langt skeið lýst hinum hugsandi heimi, en enginn geisli hennar hafði þó rofið myrkrið, er þrengir að andlegum sjóndeildarhring vorum.

Hver er hann þá þessi maður? Inn í hvaða heim leiðir hann oss? Vér búumst við einhverju dularfullu og óskiljanlegu. Hugsum oss hann eins og hin önnur austræna skáldin, líkan spámönnum gamla testamentisins, eða hinum helgu mönuum miðaldanna, er afneituðu heiminum og lystisemdum hans, leituðu einveru á eyðimörkum, og söktu sér þar niður í hin dýpstu viðfangsefni tilverunnar, sem töluðu í spakmælum og ráðgátum. En þannig er því eigi varið með Tagore. Dr. W. B. Yeats, er ritar formála fyrir bók hans „Gitanjali" segir — og hann hefir þau orð eftir merkum samlanda Tagores: „Hann (Tagore) er hinn fyrsti meðal dýrðlinga vorra, er eigi hefir afneitað lífinu, heldur talar og ritar út úr lífinu sjálfu. og þess vegna þykir oss svo vænt um hann". — Og þó er Tagore í aðra röndina djúpur og dulrænn. Ber öll bók hans „Gitanjali" það með sér. Önnur bók hans „The Gardener" (garðyrkjumaðurinn) eru skínandi fögur ástaljóð, er helzt má líkja við hin yndislegu „Ljóðaljóð" heilagrar ritningar. Þriðja bókin „The Crescent Moon" (nýlýsið) yndisleg smákvæði um börn, og eru þau það af skáldskap hans, er næst kemst hugsunarhætti Norðurálfubúa. Auk þessara bóka hefir Tagore ritað margt bæði í bundnu og óbundnu máli, en fæst af því er þýtt af frummálinu — bengölsku — og því enn þá lokaður fjársjóður fyrir fjöldann.

Rabindra Nath Tagore er fæddur 1860 af göfugum bengölskum ættum. Ýmsir nánustu ættingjar hans hafa staðið og standa framarlega í baráttu þeirri er hin forna indverska menning háir móti enskum áhrifum og valdi. Tagore fór á unga aldri til Englands og fékk þar mentun. Kann hann ensku sem innborinn væri og hefir sjálfur snúið ljóðum sínum á það mál. En í þýðingunum hefir hann slept bragarháttum frumkvæðanna, þær eru allar í óbundnu máli, og hið sama er að segja um þær þýðingar, er gerðar hafa verið á önnur mál.

Meðal kvæða Tagores kveður mest að ættjarðarljóðunum. Þau hafa veitt honum viðurnefnið „Sál Bengals". Þau eru þekt og sungin um endilangt Indland, alstaðar, á fundum og samkomum, á strætunum, akrinum og heima fyrir. Þau hafa gert mikið til þess að vekja þjóðernis-meðvitund landa hans. Þau tala djarflega og blátt áfram, í þeim er ekkert af austrænni deyfð og móki. Þau eru hvatning sem á erindi til allra. T. d.:

„Þar, sem hugurinn er óskelfdur og höfuðið borið hátt;
þar, sem þekkingin er frjáls;
þar, sem heimurinn er eigi klofinn í smáhluta við hin þröngu takmörk heimilanna;
þar, sem orðin streyma fram úr djúpi sannleikans;
þar, sem óþreytandi viðleitni teygir faðminn móti fullkomnuninni;
þar, sem hinn tæri straumur skynseminnar

hefir eigi farið villur vegar á geigvænlegri eyðimörk dauðrar siðvenju;

þar, sem huganum, af þér, er beint áfram til æ viðsýnni hugsana og athafna;

þar, í þeirri Paradís frelsisins, lát þú, faðir, landið mitt vakna —"

eða:

„Hættu að tóna og syngja og handleika talnabandið. Hvern tilbiður þú í þessum auða afkima musterisins, innan luktra dyra. Opna augu þín og sjá, að guð þinn er eigi frammi fyrir þér.

Hann er þar, sem bóndinn yrkir hina ófrjósömu jörð; hann er þar, sem brautryðjandinn sprengir klappirnar. Hann er hjá þeim í sólskini og regni, og klæðnaður hans er ryki hulinn;

Endurlausn? Hvar er hennar að leita. Meistari vor tók sjálfur á sig hlekki sköpunarinnar. Að eilífu er hann bundinn oss óleysanlegu bandi;

Vaknaðu af hugleiðingum þínum, yfirgef blóm þín og reykelsi; hvað sakar það þig þó klæði þín rifni eða flekkist. Far þú til móts við hann, og erfiða með honum, í sveita þíns andlitis."

Og móður sína jörðina, segist hann vilja: tilbiðja með vinnu.

Ástaljóðum Tagore's er jafnað við Ljóðaljóð heilagrar ritningar — svo fögur þykja þau. Á Norðurlöndum hefir eitt skáld ort meistaralega í þeim stíl — sænska skáldið Gustaf Fröding — en að stæla kveðanda Ljóðaljóðanna svo vel sé, er eigi allra meðfæri.

Hér er lítið sýnishorn úr „The Gardener":

„Hjarta mitt, fugl auðnarinnar, hefir fundið himin sinn í augum þínum;

Þau eru vagga morgunsins, þau eru konungsríki stjarnanna;

Söngur minn hefir farið villur vegar í djúpum þeirra;

Leyf mér að eins að sveima um þennan himinn, í hinni ómælanlegu kyrð hans;

Leyf mér að kljúfa ský hans, leyf mér að þenja út vængina í sólskini hans."

Trúarljóðin eru einn þátturinn í skáldskap Tagore's. En guð hans er eigi persónulegur; hann finnur hann ávalt og alstaðar. Hjá Tagore renna þessi tvö hugtök saman: skaparinn og hið skapaða. Blómin, fjöllin, skýin, vötnin, alt ber vott um guð, er ímynd hans. Hann býr í öllu. Eflaust eiga trúarskoðanir Tagores rætur að rekja til fornrar dulspeki Austurlanda. Hin miklu áhrif er náttúran hefir á skáldskap hans, verða oss skiljanleg er vér heyrum að hann á barnsaldri hafi verið sendur upp til Himalayafjalla og dvalið þar í kyrð í nokkur ár. Hrikaleg og hátíðleg fjalla-auðnin hefir sett mót sitt á næmu og gljúpu barnssálina.

Söngfórnirnar („Gitanjali") enda þannig:

„Lát þú öll skynfæri mín breiðast út í tilbeiðslu til þín og lát þau snerta jörðina, fótskör þína;

Lát þú alla sál mína beygja sig í duftið við dyr þínar, í tilbeiðslu, eins og regnský í júnímánuði er hangir lágt á lofti, þungt af órigndum skúrum;

Lát þú öll ljóð mín safna saman sínum margháttuðu tónum í einn einasta voldugan straum og í einni tilbeiðslu til þín, renna að hafi þagnarinnar;

Lát þú alt líf mitt stefna að sínu eilífa heimkynni, í einni tilbeiðslu til þín, eins og hópa farfugla, er knúðir af heimþrá, fljúga nótt og dag til hreiðra sinna í fjöllunum."

Og hann biður guð sinn:

„Lát mig gera líf mitt einfalt og hreint, sem hljóðpípu af reyr, svo að þú getir fylt hana með tónum."

Og ennfremur:

„Þú líf lífs míns, eg vil ávalt leitast við að halda líkama mínum hreinum, því eg finn þína lifandi hræring í öllum limum mínum;

Eg vil ávalt leitast við að halda lyginni burtu úr hugskoti mínu, því eg veit að þú ert sá sannleiki, er kveikt hefir ljós skynseminnar í sálu minni;

Eg vil ávalt leitast við að reka alt ilt úr hjarta mínu, og láta ást mína standa í

blóma, því eg viðurkenni, að þú býrð í insta fylgsni hjarta míns;
Og það skal jafnan vera löngun mín að leiða þig í ljós í öllum störfum mínum, því eg viðurkenni að það er kraftur þinn, er gefur mér þrek til þess að starfa."

Í ljóðum Tagores finst engin lífsleiði, engin heimsádeila. Oss er sem vér göngum inn í helgilund. Þangað ná engir ómar af óróa og byltingum lífsins úti fyrir. Eins og lygn, djúpur straumur falli frá upptökum að ósi, þannig er kliður ljóða hans, t. d.:

„Eg var mér eigi meðvitandi þeirrar stundar, er eg fyrst steig yfir þrepskjöld þessa lífs;
Hvaða afl var það, er lét mig koma í ljós í hinum mikla leyndardómi — eins og blómknapp í skóginum á næturþeli;
Og að morgni, er eg sá dagsljósið, varð eg þess var að eg var eigi ókunnugur í þessum heimi, en að hin dularfulla, óþekta, nafnlausa vera — í mynd móður minnar — hafði tekið mig í faðm sinn;
Þannig, mun einnig á dauðastundinni hin sama óþekta vera birtast mér, eins og fornvinur. Og vegna þess að eg elska þetta líf, veit eg að eg mun elska dauðann jafn innilega;
Barnið hljóðar þegar móðirin tekur það frá hægra brjósti sínu — en finnur samstundis huggun við vinstra brjóstið hennar?"

Og að endingu:

„Hvað ætlar þú að bjóða honum, þá er hann að síðustu drepur að dyrum þínum — dauðinn;
Bikar lífs míns barmafullan mun eg rétta honum, tómhentur skal hann eigi frá mér fara;
Alt hið ljúffenga vín sumarnáttanna og haustsuppskerunnar, mun eg bjóða honum — alt, sem eg öðlaðist og fann í annríki lífsins, mun eg bera á borð fyrir gest minn, á æfikvöldi mínu, þá er dauðinn drepur á dyrnar".

Inga Lára Lárusdóttir.

Konurnar og ófriðurinn.

Eftir *Carrie Chapman Catt.*
(Formann alþjóðakvenréttindafélagsins).

Þegar eg kom til Afríku á dögum Búastríðsins, sagði Steyn, forseti Orange-ríkisins mér, að konur á bændabæjum í Transvaal og Orange hefðu á einu ári framleitt matvælabyrgðir, sem nægt hefðu öllum hernum til þriggja ára.

Mér datt þetta í hug, þegar eg las áskorun Vivians ráðaneytisforsetans franska. Hann skoraði á franskar konur, að ljúka við uppskeruna, sem franskir karlmenn hefðu orðið að yfirgefa, þegar þeir voru kallaðir til vopna.

„Enn er ekki búið að skera hveitið upp", sagði hann, „og senn fer að líða að vínuppskerunni. Eg bið yður um, að halda við ökrum vorum, lúka uppskeru þessa árs og búa í haginn fyrir næsta ár".

Amerískir ferðamenn sem voru á flugferð til Lundúna, til þess að flýja frá ófriðarsvæðinu, segja, að á hverjum einasta degi í Frakklandi hafi verið sveitir ungra manna, sem voru að leggja í ófriðinn, en á hverjum akri hafi grátandi konur verið önnum kafnar að vinna verk það, sem karlmennirnir skildu eftir ó-unnið. Þær þurftu enga áskorun frá ráðaneytisforsetanum. Franskar konur eru þegar gengnar að því starfi, sem konur hafa tekið að sér á ófriðartímum, frá sköpun heimsins til þessa dags — þær hafa bætt verkum karlmannanna ofan á sín eigin störf. Þó þeim sé þungt um hjartað af skelfingu, þó þær séu ekki knúðar af æsingu fjöldans, af hrífandi músik, af eggjunum um, að sýna föðurlandsást, af hetjudýrkun, af ævintýralöngun, þá bera þær byrgðarnar eftir megni.

Ynnu ekki konurnar á ökrunum, í verksmiðjunum og í búðunum, þar sem þær vinna að þeim iðnaði, sem karlmennirnir hafa gengið frá, framleiddu þær ekki matvæli handa hernum og gildu skatta til að borga þann geysilega kostnað, sem ófriður hefir í för með sér, þá myndi hver þjóð líða undir lok, þó hver hermaður hennar væri jafngildi Alexanders eða Napóleons mikla.

Menn, sem hafa þá gáfu, að geta leitað að ástæðum án þess að vera bundnir af gömlum skoðunum og hleypidómum, hafa viðurkent þetta fyrir langa-löngu, en sorgarleikur Búastríðsins varð fyrstur til, að leiða þetta í ljós, að allir gætu skilið það.

Bretar fundu upp „herkvíarnar", þeir settu niður herbúðir og smöluðu þangað konum og börnum frá bændabæjunum í nágrenninu. Þannig tókst þeim að hefta framleiðslu á fæði og klæðum handa Búahernum, tókst það betur en nokkrum öðrum ásækjendum, sem sagan segir frá.

Mesta sorgarefnið var þó ekki hvað þeir voru fljótir að vinna á Búum með þessu. Benjamín Franklín, mikli ameríski heimspekingurinn, hefir sagt: „Stríðin eru ekki borguð á ófriðartímum, reikningurinn kemur seinna". Þegar Búastríðið var á enda og tjón Búa var gert upp, þá kom það fram, að 4000 karlmenn höfðu fallið í stríðinu, en 20,000 konur og börn höfðu dáið í „herkvíunum".

Grunnhygnir mótstöðumenn kosningarréttar kvenna, hafa komið með þá léttvægu ástæðu, að konur geti ekki barist. Þær geta barist, og hafa barist í stríðum, á öllum tímum, eins langt og sagan nær, en fari þær í ófriðinn, hver á þá að halda lífinu í þjóðinni? Hvað á þá að berjast fyrir? Guði sé lof, að þær leggja ekki oft út í orustur. Á kyrlátum sorgarstundum heima fyrir, fá þær dýpri skilning, á því hvað ófriður er ósegjanlega dýrkeyptur, heldur en karlmenn nokkurntíma hafa öðlast. Og sá dagur mun koma, þegar allar mæður í heiminum rísa upp eins og einn maður, til þess að neita að gefa syni sína, til að láta skjóta þá, til að fullnægja dutlungum þjóðhöfðingja og fölsku þjóðardrambi.

Eins og dómstólar eru betri en einvígi, og atkvæði eru betri en borgarastríð, til að ráða úr innanlandsdeilum, þannig eru alþjóða dómstólar og alheimsþing betri en stríð.

Konurnar verða að krefjast *atkvæðisréttar*, ef þær óska, að gjöreyða skelfingum ófriðarins, allri eyðingu hans og villimensku og ryðja braut fyrir blessun friðarins.

Kvennahöllin á Málmeyjarsýningunni.

I.

Margt mátti sjá og heyra á Málmeyjarsýningunni í sumar. Rússland, Þýzkaland, Danmörk og Svíþjóð keptu hvort við annað um að sýna ávexti menningar sinnar. Hver byggingin sást þar annari skrautlegri, og gestirnir gægðust inn í marga nýja heima. Þeir, er nauman tíma höfðu, gátu lítið séð af öllum þeim listaverkum, listfenga iðnaði og hugvitssömu vélum, er þar voru sýndar, augun þreyttust á öllum þessum ljómandi litum, ósjálfrátt hvörfluðu menn burt frá iðandi mannþrönginni og háværa hljóðfæraslættinum.

Það hygg eg að íslenzka sveitakonan, sem les þetta, mundi hafa gert. Hún hefði gengið eitthvað út í bláinn, og ef til vill hefði hún þá alt í einu rekist á bogagöng og séð glitta í hvíta höll í gegnum laufskrúð hárra trjáa.

Hún hefði gengið nær og séð gamlan sænskan herragarð með tignarlegum turni, háum gluggum og fallegum, fornum dyrum. Í kringum bygginguna er gamaldags blómgarður. Þetta er Ársta kvennahöllin.

Þegar sænskar konur höfðu ákveðið að taka þátt í Málmeyjarsýningunni, kom þeim saman um að heiðra minningu Friðrikku Bremers, brautryðjanda kvenréttindanna í Svíþjóð, með því að sníða byggingu sína eftir heimili hennar, Ársta. Þær vildu koma heim til hennar, sem var móðir hreyfingarinnar, til þess að sýna henni hvað dætrum hennar hefði orðið ágengt, síðan hún hóf starfið. Þær vildu segja henni og okkur hinum, hvernig réttarstaða þeirra væri, hvaða atvinnu þær hefðu, hvernig þátttöku þeirra í félagsmálum væri háttað, hvað þær gerðu til þess að reyna að koma umbótum á. Tækist þeim að gera mönnum þetta ljóst, þá fanst þeim sem þeim 50,000 krónum sem byggingin kostaði, og þær höfðu safnað með frjálsum samskotum, væri vel varið.

Sveitakonan gengur fyrst inn í matsalinn, til þess að fá sér einhverja hressingu. Það er þægilegt að hvíla sig í þessum vistlega sal. Þar er alt svo bjart og hreint, hvít húsgögn, en veggirnir ljósbláir með gyltum listum -- koparstungur í fornum, gyltum römmum hanga þar, má þar sjá ýmsar frægar sænskar konur. Á öllum borðum eru blóm, Úr matsalnum sézt inn í eldhúsið, í gegnum stóran glervegg, má þar sjá hvítklæddar stúlkur búa til mat og smyrja brauð. Það er ekki hætt við öðru en að menn kunni við sig í matsal kvonnanna, og svo fylgir sá kostur að þar er ekki tekið við neinum drykkjupeningum, er það eini matsölustaðurinn á allri sýningunni, þar sem það er ekki gert,

Nú langar sveitakonuna mína til þess að sjá herbergi Friðrikku Bremer. Það er uppi á loftinu.

En sá undarlegi gamaldags ilmur, sem angar á móti okkur! Húsgögn hennar standa þar, alveg eins og þau stóðu meðan hún lifði, langir og mjóir legubekkir standa meðfram veggjunum, þeir eru hvítmálaðir, klæddir með silfurgráu silki, með fjólulitum röndum — og fingerðum, handsaumuðum greinum. Á veggjunum hanga myndir af samtímismönnum Friðrikku Bremer: Tegnér — Jenny Lind — Geijer, og mörgum fleirum. Í einu horninu stendur rokkurinn hennar — sveitakonunni finst hún gæti næstum búizt við því að sjá gömlu „mammsel Friðrikku“ setjast þar og taka línið, sem hangir þar, með grönnu, hvítu höndunum sínum, og fara að spinna. Svo einkennilegur, draumkendur blær hvílir yfir þessu gamla herbergi.

Svo komum við inn í skrifstofuna, er hún til afnota fyrir sýningargesti. Má þar sjá myndir af þektum sænskum konum, meðal þeirra er mynd af fyrsta sænska kvenstúdentinum.

Þaðan komum við inn í bókasafnið — þar er stórt myndasafn af sænskum skáldkonum og rithöfundum — sem dánar eru. — Einnig var þar stórt safn af bókum eftir sænskar konur.

Inn úr bókasafninu var einkar vistlegt herbergi, átti það að sýna heimili fyrir uppgjafa-kenslukonur — vildi félag eitt, sem hafði í hyggju að stofna slíkt heimili, vekja áhuga manna á fyrirtæki sínu, með þessu.

Loks komum við inn í gestaherbergin, þar geta menn hvílt sig, lagað sig til — og jafnvel fengið sér bað, til þess að ná sér reglulega vel eftir sýningarþreytuna. — —

Nú göngum við niður, í aðalsal sýningarinnar. Sveitakonan staðnæmist snöggvast uppi á stigapallinum. Það er hvild fyrir augað að horfa niður í sýningarsalinn, öll hlutföll eru þar í slíku samræmi, litirnir svo rólegir, og öllum sýningarmununum komið svo haganlega fyrir; sólin skín inn um háu og djúpu gluggana, inn á öll blómin. Það er auðséð að konur hafa um þetta fjallað.

Nú förum við að skoða okkur um. Fremst er sýning Friðrikku Bremer-félagsins. Það er gaman að blaða í skjalabók félagsins, hún gefur svo glögga hugmynd um hina margbrotnu starfsemi þess. Þar eru skjöl sem snerta alls konar kvenréttindamál — svo sem umbætur á launum kvenna, aðgang þeirra að fleiri störfum og kröfur um aukna mentun, um kosningarétt og kjörgengi, um fjárráð þeirra yfir eignum sínum, um ellistyrk og margt fleira.

Grafiskar töflur sýna styrki þá og lán, er félagið hefir veitt, þær sýna hjúkrunarstarfsemi þess og sjúkrasjóðshjálp.

Ljómandi fallegar ljósmyndir eru þar frá Rimforsabúnaðarskóla kvenna, er félagið hefir komið á fót og kostar — á hillu standa 22 árgangar af „Dagný“, blaði félagsins.

Nú verður okkur starsýnt á einkennilegar mislitar renður sem eru alt í kring á veggjunum. Það eru „lagarendurnar“, sem sýna réttarstöðu sænskra kvenna frá elztu tímum til vorra daga. Letrið er gylt og fornt.

Neðst eru græn bönd, sem sýna stöðu giftra kvenna, og efst er rauð rönd, sem sýna stöðu ógiftra kvenna, en á milli þeirra er grá rönd, sem táknar meðráð karlmannanna, og eltir grænu röndina „eins og grár köttur“ — og sleppir henni ekki nema einstöku sinnum, eins og t. d. 1874, þegar giftar konur fengu yfirráð yfir eignum, sem þær höfðu sjálfar unnið sér inn. Fyrst er græna bandið þéttsett áletrunum — en rauða bandið svo að segja autt — um 1500 fara löggjafarnir fyrst að muna eftir ógiftum konum. En eftir því sem nær dregur vorum dögum, öðlast ógiftar konur fleiri og fleiri réttindi — en giftar konur eru látnar sitja á hakanum. Undarlegt er að lesa þessi gömlu lög — sem kalla konuna „bezta hlutinn í búi bóndans“ — eða að lesa um húsagann! Svo ramt kvað að einveldi karlmannsins, að hann gat látið dæma konu, er var honum ótrú, til kviksetningar, en sjálfum var honum heimilt að gera hið sama án þess að hann yrði fyrir ámæli nokkurs manns.

Við og við slitnar bandið, og sézt þá einhver af hinum 14 merkustu réttarbótum á stöðu kvenna. Má nefna lögin um rétt kvenna til að eignast sinn hluta af búinu, um erfðarétt dætra, um húsfreyjuréttinn (sem gleymdist algerlega 1834, þegar staðfest voru lögin um meðráð eiginmannsins), lögin um svaramenn, um atvinnufrelsi giftra og ógiftra kvenna, hin ýmsu stig laga þeirra er veita konum myndugleika, lögin um rétt til fullnaðarprófa, um rétt giftrar konu til umráða yfir vinnulaunum sínum, rétt giftrar konu til þess að hafa sinn eigin reikning og fl.

Þá eru þar fjórar töflur er sýna samanburð á réttarstöðu kvenna í öðrum löndum. Þær sýna erfðarétt kvenna, myndugleika ógiftra kvenna, rétt giftra og ógiftra mæðra til barna sinna og kosningarétt kvenna og kjörgengi til sveita- og bæjarstjórna.

Langt virðast konurnar í flestum löndum eiga í land til þess að verða eins frjálsar og Norðurlandakonurnar eru, þó mikið vanti á að ataða þeirra sé eins góð og vera skyldi. Átakanlegast er þó að lesa um réttleysi mæðranna. Í *öllum* löndum, nema Sviss, og þrettán af þrjátíu og fimm ríkjum Bandaríkjanna, *hefir gift móðir engan lagalegan rétt til að ráða yfir börnum sínum.* En þó ráðgjöfunum virðist *gifta* móðurin illa fallin til þess að ráða yfir börnum sínum, þá er svo að sjá sem þeim finnist *ógifta* móðirin einmitt til þess kjörin, því hún er einráð um uppeldi og umsjón barna sinna. Þegar börnin eru skoðuð sómi foreldranna, þá á faðirinn einn að sjá um þau, en þegar miskunnarlausa þjóðfélagið lítur svo á að börnin séu til skammar og

svívirðingar þeim, sem hafa fætt þau í heiminn, þá á móðirin ein að bera alla ábyrgðina.

— Töflur þessar eru vinstra megin við sýningu Friðrikku Bremer-félagsins, hægra megin er myndasafn af karlmönnum, er barist hafa fyrir bættri réttarstöðu kvenna.

Sólskin.

„Ég labbaði' inn á Laugaveg um daginn, ljúfri mætti' eg og heilsaði snót" — en hún var nú ekki alveg eins kurteis við mig og hún Gunna sáluga, sem kvæðið getur um. Ég var í mínu bezta sólskinsskapi, undir eins og ég eygði hana gladnaði enn þá meira yfir mér, og þegar mátulega langt var orðið á milli okkar, tók ég ofan djúpt og með mikilli virðingu, og auðvitað með mínu hýrasta brosi. En hvað haldið þið að hún hafi gert? Hún leit á mig með slíkum steingjörfingssvip, að mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds, svo bærðist höfuðið örlítið, sjóndöprum manni hefði ekki veitt af hallamæli til þess að sjá það, og svo — gekk hún sína leið og kembdi aftur af henni. Ég stóð sem steini lostinn. Hefði ég nú verið einn af þeim karlmönnum, sem ekki heilsa fyr en þeir eru rétt að skjótast fram hjá stúlkunni, sem lyfta þá hendinni fýlulega upp að hattbarðinu, eins og þá sárlangaði til þess að segja: „Á ég nú að fara að heilsa þér einu sinni enn". Þá hefði ég átt þetta skilið. Margt má nú að mér finna, en ekki þetta, því ég hefi æfinlega heilsað öllu kvenfólki með mestu virktum, hvort sem það hafa heldur verið æfagamlar kerlingar eða smástelpur.

Jæja — ég var nýkominn til bæjarins þegar þetta gerðist, því varð mér svona mikið um það, en nú er ég orðinn þessu þaulvanur. Ótrúlega margir, bæði karlar og konur, heilsa svo ólundarlega, að það er eins og skvett sé á menn ísköldu vatni ef menn eru svo óhepnir að rekast á þá á götu. Mér er nú alveg sama um karlmennina, en mér sárgremst að blessaðar stúlkurnar, sem mér þykir altaf svo vænt um, skuli fara svona að ráði sínu.

Góðu stúlkur! Haldið þið að þið eigið að heilsa svona kuldalega, og það í rigningatíð? Hvað haldið þið að skaparinn hafi gert af öllu sólskininu, sem við höfum orðið að fara á mis við svo lengi? Miklar byrgðir hefir hann falið í augum ykkar, til þess að þið miðluðuð þeim, sem sólskinsleysið þjáði mest! Hefir ykkur aldrei dottið þetta í hug? Finnið þið ekki hvaða guðs gjöf það er, að vera ungur og glaður, þá eru menn skyldugir að gefa öðrum eitthvað af allri þeirri skínandi gleði, sem hugurinn er fullur af. Það getur verið að ykkur verði einhvern tíma erfitt að sýnast glaðar, venjið þið ykkur á að heilsa hlýlega áður en lífið nær að blanda beiskju í brosin ykkar.

Það er ótrúlegt hvað hlýlegar kveðjur geta glatt mikið, mönnum finst að fólk hljóti að vera óvant vinsemi, þegar þeir verða varir við að margir eru beinlínis þakklátir fyrir vingjarnlega kveðju. Með einu einasta brosi getið þið gert marga fátæka gamla konu að vin ykkar um alla æfi. Eða hvað börnunum þykir gaman að því að þeim sé heilsað. Ég hefi oft brosað að því að sjá hvað litlar telpur verða hreyknar þegar „tekið er ofan" fyrir þeim. —

Ég gæti skrifað um þetta langt mál, en ég held ég sé að verða hátíðlegur, og það á svo illa við mig.

Gleymdu ekki að láta sólskinið skína úr augum þínum — stúlka litla — ekki mun af veita í skammdeginu. Þá er ég viss um að öllum þykir vænt um þig, þó þú sért hvorki lagleg né gáfuð, né látir „sópa að þér" á götunni. Því

„hvað er fegra en sólarsýn —
þá sveimar hún yfir stjörnu rann,
hún vermir, hún skín
og hún gleður mann".

Kári.

Dálítil auka-atvinna.

(Þýtt).

(Frh.).

»Jæja, hvað er þetta, það eru einmitt þau sem eg er komin að sækja, í þessu ódæma veðri. Hvar eru þau?«

Verzlunin EDINBORG

í Reykjavík.

Með s/s »Ceres« komu miklar birgðir af vörum í vefnaðarvörudeildina, svo sem **Klæði, Kjólatau, Silkin** frægu, **Flonel** margar tegundir, **skyrtutau,** hvít og óbl. **léreft** og margt fleira.

»Þau eru farin«.

»Svo—o!« Andlit hennar lýsti undrun og gremju. Sagði hann ekki að það kæmi kona frá vinnuveitingarstofunni til þess að sækja þau? Hvernig gátuð þér þá leyft yður að fá öðrum þau? Hver gaf yður vald til þess?«

Elín reigði kollinn ofurlítið, augu hennar leiftruðu af gremju, ákveðni og þrjózku. Öll sú beiskja, sem hafði safnast fyrir í huga hennar um daginn braust nú út í svari hennar: »Ég sjálf. Þér þurfið ekki að líta svona reiðulega á mig, eg vissi hvað eg gerði. Annars hefi eg ekki tíma til þess að sitja hér og svara öllum mögulegum spurningum. Eg vinn ekki bara að gamni mínu, eða fyrir leikhúsmiða — heldur til þess að lifa! Eg vona að þér hafið skilið mig?«

»Sei, sei, já! Það er ekki erfitt að skilja slíka ósvífni«. Hún togaði hettuna niður yfir höfuðið í hálfgerðu fáti — og bjóst til ferðar, án þess að það liti út fyrir að hún ætlaði að koma með nokkurt napuryrði, þó undarlegt væri.

En áður en hún skaust út úr dyrunum, sagði hún: »Ef þér eruð altaf jafn kurteis við alla, sem koma hingað á skrifstofuna, eins og þér hafið verið við mig, þá er eg hrædd um að verzlunin hafi lítinn hag af því«.

»Fimm og átta — þrettán, níu — tuttugu og tveir«, hélt Elín áfram að telja, hún strauk hendinni um ennið og stundi þungan.

* * *

Þó rigning hefði verið og ófærð allan daginn, tók þó út yfir, þegar Elín fór aftur á skrifstofuna, kl. 3, undir rennvotri regnhlíf.

Miðdegisverðartíminn var svo naumur, að hún gat rétt gleypt í sig matinn, en mátti ekki vera að því, að skifta fötum, þó hún hefði þurft þess. Það hefði líka verið til lítils, því hún hefði undir eins orðið jafn vot aftur, — þegar hún kom út í þessa hellirigningu.

Pilsin flæktust um fæturna á henni, þung og vot, stígvélin litu út eins og þau væru úr gráum dúk.

Nú átti hún að sitja fjóra klukkutíma í þessum votu fötum og fá svo sömu útreiðina, þegar hún færi heim kl. átta, að loknu dagsverki. Það þurfti minna til þess, að verða veikur. Og hún hugsaði um það gröm í geði, að fötin yrðu ekki orðin þur í fyrramálið, svo hún yrði að neyðast til, að fara í sparikjólinn sinn — sá færi víst fallega, ef veðrið yrði eins!

Það var líka annað, sem lagðist þungt á hana. Nú varð hún auðvitað, að bera ábyrgð á ráðríki sínu við ungu frúna. Skyldi hr. Steman verða fjarska reiður og skamma hana alvarlega?

Þegar hún kom inn á skrifstofuna, gekk hann þar um gólf með hendurnar á bakinu, og hún gat undir eins séð það á honum, að hann hefði beðið eftir henni, og að nú ætti hún í vændum langa og kveljandi yfirheyrslu.

Auðvitað hafði unga frúin undir eins hringt í talsímann í reiði sinni, og kvartað yfir meðferðinni, og nú vildi húsbóndinn fá að vita, hverjum Elín hefði ætlað þessa vinnu, fyrst hún hefði ekki látið konu þá, er vinnuveitingarstofan sendi, fá hana.

Unga stúlkan sagði, eins og satt var, að hún ætlaði sjálf að hreinskrifa þetta. Hún skyldi sjá um, að það yrði búið á föstudaginn, ef hún vekti við það nokkur kvöld, eftir að hún væri komin heim. Hr. Steman gæti varla verið mótfallinn því, að hún sem yrði að vinna fyrir sér, léti sjálfa sig sitja fyrir þessari litlu aukaatvinnu, heldur en að láta þessa ungu frú fá hana, konu, sem einungis gerði þetta af hégómagirni til þess að geta stært sig af því við mann sinn og kunningja, að hún hefði sjálf unnið fyrir leikhúsmiðanum sínum.

Nei — það var hann ekki. (Frh.).